



**Keilir**  
Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs

# Ársskýrsla Háskólabrúar, ÍAK og fótaaðgerðafræði fyrir árið 2017



**Keilir**  
Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs



## Nemendur


Fjöldi umsækjenda á Háskólabrú, ÍAK og í fótaaðgerðafræði árið 2017.

Námsleið:	Fjöldi	
	Vorönn	Haustönn
HBR	173	262
ÍAK	5	95
FÓT	21	19

Hér að neðan er að finna töflu sem inniheldur fjöldatölur nemenda og meðalaldur þeirra. Þetta eru nemendur á Háskólabrú (HBR), í ÍAK einka- og styrktarþjálfaranámi (ÍAK) og í fótaaðgerðafræði (FÓT) á vor- og haustönn 2017.

Námsleið:	Fjöldi		Meðalaldur	
	Vorönn	Haustönn	Vorönn	Haustönn
Háskólabrú staðnám á Ásbrú	50	52	27	27
Háskólabrú fjarnám	171	253	30	31
ÍAK einka- og styrktarþjálfaranám	65	64	27	27
Fótaaðgerðafræði	9	14	38	39

Hér má sjá kynjahlutföll á HBR (staðnám og fjarnám) og í ÍAK, en konur eru enn í meirihluta á báðum brautum. Nemendur í fótaaðgerðafræði eru allir kvenkyns.



## Búseta

Nemendur Keilis koma víða að en hér að neðan er að finna töflu sem sýnir búsetu nemenda eftir landshlutum en flestir nemenda eru búsettir á Höfuðborgarsvæðinu. Þess má geta að við tökum út þessa tölfraði eftir deildum og ÍAK og FÓT eru undir sömu deild.

Landshlutar:	Vorönn		Haustönn	
	HBR	ÍAK+FÓT	HBR	ÍAK+FÓT
<b>Austurland</b>	4%	1%	4%	3%
<b>Erlendis</b>	2%	5%	3%	6%
<b>Höfuðborgarsvæðið</b>	54%	53%	51%	51%
<b>Norðurland</b>	3%	9%	6%	10%
<b>Reykjaneskagi</b>	29%	11%	24%	10%
<b>Suðurland</b>	6%	13%	9%	13%
<b>Vesturland</b>	2%	8%	4%	6%

## Útskriftir

Árið 2017 útskrifuðust 113 nemendur af Háskólabrú og 50 frá ÍAK. Engir nemendur útskrifuðust úr fótaaðgerðafræði þar sem námið hófst í febrúar 2017.

## Námið

Nám á Háskólabrú er aðfararnám sem er ætlað þeim nemendum sem hyggja á háskólanám en fullnægja ekki inntökuskilyrðum um stúdentspróf. Einnig getur námið hentað þeim sem lokið hafa námi á framhaldsskólastigi en þurfa að bæta við sig þekkingu áður en þeir hefja háskólanám.

Inntökuskilyrði á Háskólabrú eru 70 einingar (117 feiningar) á framhaldsskólastigi og þar af 6 einingar (10 feiningar) í íslensku, ensku og stærðfræði. Nemendur sem hafa lokið Menntastoðum uppfylla einnig inntökuskilyrði. Þá þurfa nemendur að hafa náð 23 ára aldri og hafa einhverja reynslu á vinnumarkaði.

Boðið er upp á fjórar deildir í aðfararnámi Keilis (Háskólabrú):

- Félagsvísinda- og lagadeild
- Hugvísindadeild
- Viðskipta- og hagfræðideild
- Verk- og raunvísindadeild

Lengd námsins fer eftir því hvaða deild er valin. Þannig tekur námið tvær annir fyrir þá nemendur sem ætla sér að stunda nám á öllum deildum nema verk- og raunvísindadeild en

Þar er námið þrjár annir. Námið er frá 73 feiningum til 97 feiningum eftir því hvað deild er valin og eru áfangar ýmist á 1. ,2. eða 3. þrepi.

Á Háskólabrú er boðið upp á staðnám sem er skipulagt til eins árs. Kennsla fer fram í dagskóla og kennslufyrirkomulag er í formi fyrirlestra, verkefna- og dæmatíma ásamt verklegum tímum í raungreinum. Haustið 2017 var ákveðið að bjóða upp á staðnámið í lotum og eru nemendur mjög ánægðir með það fyrirkomulag.

Einnig er boðið upp á fjarnám á fullum hraða og á hálfum hraða og þá með vinnu. Fullt fjarnám tekur eitt ár, 2-3 annir, og er námið lotubundið. Fjarnám með vinnu er einnig lotubundið og tekur að jafnaði tvö ár eða fjórar til sex annir eftir því hvaða deild er valin. Keilir bauð upp á fjarnám að hausti í fyrsta sinn árið 2017. Var það hárrétt ákvörðun enda stór hópur sem sótti um og fjölgaði fjarnemum úr 171 nemendum í 253 nemendur.

ÍAK býður upp á tvær leiðir í þjálfun; ÍAK einkaþjálfun og ÍAK styrktarþjálfun. Námleiðirnar hafa grunn sem kenndur er á fyrri önn námsbrautanna (haust) en á vorönn er skipt í sérhæfingu með almenna líkamsþjálfun (lýðheilsu) annars vegar og í sérhæfða líkamsþjálfun íþróttafólks (styrktarþjálfun) hins vegar.

ÍAK einkaþjálfaranámið er 60 eininga nám og er kennt í lotum með vendináms formi, sem er bland af netfyrirlestrum og kennslu í stofu eða líkamsræktarsölum.

Gerð er lágmarkskrafa um 18 ára aldur og 70 feiningar í framhaldsskóla og eru ákveðnir áfangar af heilbrigðisviði í forkröfum fyrir námsbrautina. Breytingar eru í vændum með ÍAK einkaþjálfaranámið en frá og með haustinu 2018 verður það heildstætt 180 feininga nám.

Námsbrautin er vottuð af Evrópusambandsstyrktri stofnun, Europe Active (EA), sem heldur utan um gæðamál einkaþjálfaramenntunar í Evrópu. Útskrifaðir nemendur námsbrautar-innar eru sjálfkrafa skráðir í gagnagrunn EA undir titlinum European Registered Exercise Professionals (EREPS) en á vefsvæði EA er hægt að fletta upp þjálfurum sem hafa skírteini frá vottuðum skólum í Evrópu.

ÍAK styrktarþjálfaranámið er 60 feininga nám sem skiptist í 2 annir (haust og vor) en fyrri önn námsins er grunnur sem nemendur taka með ÍAK einkaþjálfaranemendum. Sérstök krafa er um sterkan grunn í ensku og eðlisfræði sem undanfara í námið. Markmið námsins er að nemandinn búi yfir grunnþekkingu í þjálfun íþróttafólks á sviði líkamlegrar þátta svo sem vöðvastyrks, úthalds og hvernig skal útbúa þjálfunarkerfi fyrir þess háttar þjálfun í samráði við íþróttþjálfara íþróttamannsins.

Íþróttakademían er með námsbraut í fótaaðgerðarfræði sem er heildstætt nám á 3. námsþrepi skv. aðalnámskrá framhaldsskóla. Brautin er kennd á þremur önnum og er samtals 90 feiningar, en fyrir þarf nemandinn að hafa lokið 109 feiningum sem skiptast í 48 feiningar í kjarna og 61 feiningu í heilbrigðisgreinum. Að námi loknu sækja nemendur svo um starfsleyfi hjá Landlæknisembætti.

## Kennsla og stjórnun

Á Háskólabrú er forstöðumaður og 12 kennarar ýmist í fullu starfi eða sem verktakar í stökum fögum. Haustið 2017 bættist við verkefnastjóri á Háskólabrú í hálfu starfi.

Í ÍAK eru 11 kennarar, verkefnastjóri og forstöðumaður sem er einnig forstöðumaður yfir fóttaaðgerðarnáminu, en þar er einnig þróunarstjóri og fjórir kennarar.

## Kennsluhættir

Keilir hefur ákveðið að leggja áherslu á svokallað vendinám (e. flipped classroom). Með því er átt við að hefðbundinni kennslu er snúið við. Fyrirlestrar og kynningar kennara eru vistuð á netinu og nemendur geta horft eða hlustað á kynningarnar eins oft og þeim sýnist. Þá geta nemendur sent spurningar um efnið til kennara (eða annarra nemenda í hópnum) og fá svör á netinu sem allir sjá. Þá eru nemendur hvattir til að nota netið til að finna heppilegt kennsluefni. Kennslustundir verða fyrir vikið öðruvísi. Þar vinna nemendur verkefni, oftast saman í hóp, og kennarar aðstoða eftir þörfum. Þar sem þetta form hefur verið reynt virðist lærdómurinn verða lifandi ferli sem virkjar nemendur enn betur.

## Námsmat

Lögð er áhersla á að hafa fjölbreytilegt námsmat í öllum deildum Keilis. Það er kennari í samráði við deildastjóra sem tekur ákvörðun um með hvaða hætti metur þekkingu nemenda. Fyrirkomulag námsmats skal þó liggja fyrir í upphafi annar í kennslulýsingu.

## Mat

Gæðaráð heyrir undir framkvæmdastjórn Keilis og vinnur eftir meginmarkmiðum þess og samkvæmt gæðahandbók Keilis. Gæðaráð sér aðallega til þess að innri úttektir séu framkvæmdar og niðurstöðum sé skilað til gæðaráðs, sem heldur til haga öllu sem við kemur gæðamálum hjá Keili. Um miðja hverja önn metur gæðaráð hvort markmiðum sé fylgt eftir og frávikum sé lokað.

Megin verkefni gæðaráðs Keilis eru:

- Hefur umsjón með framkvæmd á innri úttektum.
- Setur gæðamarkmið Keilis í samráði við framkvæmdastjórn.
- Innra eftirlit með daglegum rekstri Keilis.
- Starfsmannastefna.
- Starfsmannamál.
- Gæðastefna og uppfærsla á gæðahandbók.
- Úrvinnsla á niðurstöðum úttekta.



- Tillögur til úrbóta við framkvæmdastjórn.
- Tryggja gæði náms.

Litið er á gæðastjórnun skólans sem lið í daglegum rekstri hans. Í Keili er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af eftirfarandi gæðamarkmiðum.

## Gæðastefna Keilis

Gæðastefna Keilis er sett undir forystu framkvæmdastjóra Keilis. Hann ber ábyrgð á því að gæðastefnan sé í samræmi við markmið og starf Keilis. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að gæðastefnunni sé viðhaldið.

Gæðastefna Keilis er birt á sérstöku skjali og er einnig aðgengileg í Handbók Keilis, sem er lifandi skjal inni á gæðavef One system.

Hlutverk Keilis er að veita nemendum sínum og viðskiptavinum sem besta þjónustu. Lögð er áhersla á að skapa sem heilbrigðast umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk þannig að allir geti sinnt hlutverki sínu innan fyrirtækisins – hvort heldur er í námi eða annarri vinnu.

Sérstakt gæðaráð skal leitast við að starfssemin taki sem mest mið af markmiðum starfsseminnar. Í því skyni stuðlar gæðaráð að innra eftirliti, ytri úttektum sem og tillögum til úrbóta eftir því sem kostur er. Skal stöðugt leitað eftir samstarfi nemenda og starfsfólks í þessu skyni. Unnið er á grundvelli laga um framhaldsskóla 92/2008 með síðari breytingum sem og samningi Keilis við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Gæðaráð er skipað fimm einstaklingum, völdum af framkvæmdastjóra.

Samkvæmt gæðastefnu Keilis skal stöðugt leitast við að:

- Halda uppi skýru og reglulegu innra eftirliti með úttektum og tengja við gæðastjórnun Keilis. Leita jafnframt eftir ytra eftirliti sem þjóna megi markmiðum gæðastefnu.
- Safna sem gleggstum upplýsingum um árangur af skólastarfi, þ.m.t. árangur á prófum, umsögnum um kennara og starfsfólk, árangur nemenda að námi loknu, líðan nemenda og starfsfólks í skólanum og annað það sem kann að þjóna gæðamarkmiðum.
- Endurskoða reglulega gæðamarkmið.
- Taka út reglulega styrkleika og veikleika í starfinu.
- Sjá til þess að öllum markmiðum, s.s. um fjölskyldustefnu, samfélagsábyrgð, umhverfisstefnu og fjárhagslega ábyrgð sé fylgt.
- Tryggja að starf Keilis sé í samræmi við lög, reglugerðir og samninga er snerta starfið á einhvern hátt og sjá til þess að réttindi allra séu virt.
- Gagnkvæm virðing sé ráðandi í umgengni þeirra er starfa og nema innan Keilis.
- Setja ný markmið um aukna þjónustu.

## Innri úttektir árið 2017

	Vorönn 2017	Haustönn 2017	Úttektaraðili
Kennsla og kennsluhættir	x	x	Menntasvið
Skráningarbrottfall	x	x	Menntasvið/fjármálasvið
Einkunnadreifing	x	x	Inna
Líðan nemenda og þjónusta skólans		x	Gæðaráð
Sjálfsmatsskýrsla deilda	x		Deild
Móttaka nýs starfsfólks	x		Menntasvið
Starfsmannasamtöl		x	Næsti yfirmaður
Aldur, kyn og búseta nemenda	x	x	Menntasvið
Úttekt á stöðu eigna	x		Húsnæðissvið
Gera upp sjálfsmatsáætlun, markmiðssetning		x	Framkvæmdastjórn
Náms- og starfsgengi nemenda sem útskrifaðir eru	x		Deild
Prófanir í tölvudeild	x	x	Húsnæðissvið
Gæðakönnun fyrir flugakademíu	x	x	Flugakademía
Mat á prófum (á þó ekki við í flugakademíu)	x	x	Menntasvið / Deild
Ánægjukönnun starfsfólks Keilis	x		Gæðaráð

Sjálfsmatsskýrslur gæðaráðs má finna á heimasíðu Keilis.

## Fjármál og rekstur

Rekstur ÍAK og Háskólabrúar hefur gengið vel og staðið undir sér. Rekstraryfirlit ársins má finna í ársreikningum á heimasíðu Keilis.

## Samstarf við aðra skóla, aðila á vinnumarkaði og nærsamfélag

Keilir er í góðu samstarfi við aðra skóla, vinnumarkaðinn og nærsamfélagið. Helstu samstarfsaðilar ÍAK og Háskólabrúar eru eftirfarandi:

- ÍAK er í samstarfi við tvær líkamsræktarstöðvar; World Class og Sporthúsið. Nemendur í einka- og styrktarþjálfaranámi fá aðgang að öllum stöðvum fyrirtækjanna á námstíma (september til lok maí). Á móti fá tveir starfsmenn hvorra líkamsræktarstöðva að sækja nám hjá Heilsuskólanum án endurgjalds.



- ÍAK hefur sótt fjölmarga fræðimenn fyrir námskeið, fyrirlestra og í kennslu hjá Bandarísku einka- og styrktarþjálfarasamtökunum *National Strength and Conditioning Association* (NSCA). Fyrir liggur munnlegur samningur sem væntanlega verður fylgt eftir með árlegum ráðstefnum í nafni Keilis og NSCA.
- Stefnt er á samstarf við eitt íþróttafélag eða fleiri til að gefa nemendum í ÍAK styrktarþjálfaranáminu tækifæri á að æfa tækni í lyftingum sem þörf er á að iðka yfir a.m.k. eina önn til að nemendur nái lágmarks hæfni.
- Háskólabrú hefur verið í nánú samstarfi við Háskóla Íslands með undirritun samstarfssamnings milli skólanna. Fagráð Háskólabrúar er skipað tveimur fulltrúum Háskólabrúar og þremur fulltrúum Háskóla Íslands.
- Útskrifaðir nemendur af Háskólabrú hafa verið samþykktir hjá öllum háskólum hérlendis og er orðspor okkar nemenda mjög gott. Höfum heyrt af því að nemendur af Háskólabrú séu sérlega vel undirbúnir þegar þeir koma í háskóla.
- Gott samstarf er á milli Háskólabrúar og símenntunarstöðva sem eru víðs vegar um landið. Sérstaklega er náið samstarf er við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS), Mími símenntun í Reykjavík, Háskólasamfélag Suðurlands (Selfoss) og Símey (símenntunarstöð Eyjafjarðar). Árið 2009 undirbjó Keilir námsleið í samstarfi við MSS er heitir Menntastoðir og er undirbúningur fyrir nám á Háskólabrú. Fleiri símenntunarstöðvar hafa tekið upp þessa námsleið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur sett þessa námsleið inn í kennsluskra sína. Frá árinu 2010 hefur HBR verið með nemendur í staðnámi í samstarfi við Símey. Því miður var ekki hægt að bjóða upp á það þetta árið líkt og árið áður. Alþjóðleg Háskólabrú fer vonandi af stað í haust en höfum við unnið með MSS að hugmyndum að menntastoðaleið sem væri undanfari þessarar námsleiðar.

Fjarnemar á Háskólabrú hafa nýtt aðstöðu fræðslumiðstöðvanna víðs vegar um landið til að taka próf. Starfsfólk Háskólabrúar heimsækir reglulega aðila fræðslumiðstöðva og tekur sömuleiðis á móti þeirra starfsfólki. Einnig hafa nemendur Menntastoða símenntunarstöðvanna komið reglulega á kynningar hjá Háskólabrú.

- Háskólabrú er í góðu samstarfi við endurhæfingarstöðvar eins og Hringsjá og Virk þar sem skjólstaðingar þeirra hafa komið reglulega til okkar í námskynningar.
- Háskólabrú tók þátt í alþjóðlegu Erasmus-verkefni um vendinám. Keilir stýrir því verkefni og taka margir kennarar á Háskólabrú þátt ásamt skólum og stofnunum frá 5 þjóðríkjum. Verkefnið kláraðist 2017 þar sem vendinám sem kennsluaðferð er skoðuð frá ýmsum sjónarhornum og afurð verkefnisins verður m.a. handbók um vendinám.
- Starfsfólk Háskólabrúar hefur verið eftirsótt sem fyrirlesarar og til að halda námskeið um vendinám. Tveir kennarar á Háskólabrú eru nú þátttakendur í Erasmus verkefni þar sem þeir eru að miðla kennsluháttum okkar á Spáni og framundan er ferð til Grikklands í maí 2018.





- Háskólabrú sendir öllum útskrifuðum nemendum eftirfylgnikönnun á annarri önn eftir útskrift. Þar er haldið til haga mikilvægum upplýsingum um hvert nemendur halda í háskólanám, hvað þeir eru að nema og hvernig þeim finnst þeir vera undirbúnir. Þessar kannanir hafa verið mikilvægur þáttur í gæðastarfi Háskólabrúar.